



15. maí 2023

Bæjarstjórn Kópavogs,
Lista- og menningarráð Kópavogs.

Á fundi Bæjarstjórnar Kópavogs þann 25. apríl var samþykkt að skipa starfshóp, sem hefði m.a. það hlutverk að kortleggja kosti þess og galla að útvista rekstri Salarins. Stjórn Tónlistarskóla Kópavogs vill af þessu tilefni árétta mikilvægi þess að í vinnu starfshópsins verði tekið fullt tillit til stöðu skólans í þessu samhengi.

Á 20 ára afmælisári skólans árið 1983 samþykkti Bæjarráð Kópavogs að framtíðaraðsetur Tónlistarskólans yrði á vesturhluta miðbæjarsvæðisins. Þessi ásetningur varð að veruleika um síðir þegar skólinn og Kópavogsbær stóðu sameiginlega að byggingu Tónlistarhúss Kópavogs. Meginmarkmiðið var að skapa ákjósanlega aðstöðu til tónlistarnáms fyrir bæjarbúa og að auðga tónlistarlíf í bænum, m.a. með almennu tónleikahaldi. Frá byrjun voru forsendur fyrir sambúð skólans og Salarins þær að tónleikasalurinn gegndi hvoru tveggja því hlutverki að hýsa almennt tónleikahald og að vera tónleikasalur skólans, eins og reyndin hefur verið.

Félag um Tónlistarhús Kópavogs var stofnað utan um starfsemina og samkvæmt eignaskiptasamningi er eignarhlutur tónlistarskólans í húsinu 22,15%. Í samræmi við það hefur skólinn tekið þátt í föstum rekstrarkostnaði Salarins samkvæmt samkomulagi þar um.

Tónlistarskóli Kópavogs er einn af stærri tónlistarskólum landsins og eini tónlistarskólinn í Kópavogi sem býður upp á tónlistarnám á grunn- og framhaldsskólastigi í samræmi við aðalnámskrá tónlistarskóla. Skólinn býr nú við fyrirmyndar aðstæður til kennslu og tónleikahalds og er það mikilvægt hagsmunamál fyrir skólann að vel takist til um stefnumótun til framtíðar fyrir Salinn.

Í ljósi forsögunnar og mikilvægra hagsmuna skólans er hér með óskað eftir því að skólinn eigi fulltrúa í fyrirhuguðum starfshópi.

F.h. stjórnar Tónlistarskóla Kópavogs

Arni Harðarson, skólastjóri